4. Ef nefndinni sýnist svo getur hún ákveðið að birta athugasemdir sem hún kann að hafa gert skv. 3. mgr. þessarar greinar ásamt athugasemdum sem borist hafa frá hlutaðeigandi aðildarríki í ársskýrslu sinni sem gerð er skv. 24. gr. Fari hlutaðeigandi aðildarríki fram á það getur nefndin einnig birt skýrsluna sem lögð er fram skv. 1. mgr. þessarar greinar.

20. gr.

1. Nú berast nefndinni áreiðanlegar upplýsingar sem henni þykja fela í sér traustar vísendingar um að pyndingar séu stundaðar á kerfisbundinn hátt á landsvæði aðildarríkis og skal hún þá bjóða því aðildarríki að starfa með sér að athugun upplýsinganna og að leggja fram athugasemdir um viðkomandi upplýsingar í því skygni.

2. Nefndin getur, með hliðsjón af athugasemdum sem viðkomandi aðildarríki kann að hafa lagt fram og öðrum viðeigandi upplýsingum sem henni eru tiltækar og ef henni þykir rétt að gera svo, skipað einn eða fleiri nefndarmenn til að gera rannsókn í trúnaði og gefa nefndinni skýrslu með hraði.

3. Fari rannsókn fram skv. 2. mgr. þessarar greinar skal nefndin leita samstarfs við viðkomandi aðildarríki. Ef aðildarríkið samþykkir það getur heimsókn til landsvæðis þess orðið þáttur í slíkri rannsókn.

4. Að lokinni athugun á niðurstöðum nefndarmanns eða -manna, sem fram eru lagðar skv. 2. mgr. þessarar greinar, skal nefndin senda þær viðkomandi aðildarríki ásamt umsögn þeirri eða tillögum sem viðeigandi þykja með hliðsjón af aðstæðum.

5. Allt starf nefndarinnar, sem fjallað er um í 1.–4. mgr. þessarar greinar, skal fara fram í trúnaði og skal á öllum stigum þess leita samstarfs aðildarríkisins. Að loknu slíku starfi að því er varðar rannsókn sem gerð er skv. 2. mgr. getur nefndin að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðildarríki ákveðið að birta samantekt um niðurstöður starfsins í ársskýrslu sinni sem gerð er skv. 24. gr.

ments on the report as it may consider appropriate and shall forward these to the State Party concerned. That State Party may respond with any observations it chooses to the Committee.

4. The Committee may, at its discretion, decide to include any comments made by it in accordance with paragraph 3 of this article, together with the observations thereon received from the State Party concerned, in its annual report made in accordance with article 24. If so requested by the State Party concerned, the Committee may also include a copy of the report submitted under paragraph 1 of this article.

Article 20

1. If the Committee receives reliable information which appears to it to contain well-founded indications that torture is being systematically practised in the territory of a State Party, the Committee shall invite that State Party to co-operate in the examination of the information and to this end to submit observations with regard to the information concerned.

2. Taking into account any observations which may have been submitted by the State Party concerned, as well as any other relevant information available to it, the Committee may, if it decides that this is warranted, designate one or more of its members to make a confidential inquiry and to report to the Committee urgently.

3. If an inquiry is made in accordance with paragraph 2 of this article, the Committee shall seek the co-operation of the State Party concerned. In agreement with that State Party, such an inquiry may include a visit to its territory.

4. After examining the findings of its member or members submitted in accordance with paragraph 2 of this article, the Committee shall transmit these findings to the State Party concerned together with any comments or suggestions which seem appropriate in view of the situation.

5. All the proceedings of the Committee referred to in paragraphs 1 to 4 of this article shall be confidential, and at all stages of the proceedings the co-operation of the State Party shall be sought. After such proceedings have been completed with regard to an inquiry made in accordance with paragraph 2, the Committee may, after consultations with the State Party concerned, decide to include a summary account of the results of the proceedings in its annual report made in accordance with article 24.

21. gr.

1. Aðildarríki að samningi þessum getur hvenær sem er lýst því yfir samkvæmt þessari grein að það viðurkenni að nefndin sé bær til að taka á móti og athuga erindi þar sem aðildarríki heldur því fram að annað aðildarríki framfylgi ekki skyldum sínum samkvæmt samningnum. Slíkum erindum má því aðeins veita viðtöku og taka þau til athugunar samkvæmt málsmeðferðarreglum þessarar greinar að þau komi frá aðildarríki sem hefur lýst því yfir að nefndin sé til þess bær að því er það sjálft varðar. Nefndin skal ekki taka erindi til athugunar samkvæmt þessari grein ef það varðar aðildarríki sem ekki hefur gefið slíka yfirlýsingu. Með erindi sem berast samkvæmt grein þessari skal farið samkvæmt eftirfarandi málsmeðferðarreglum:

(a) ef aðildarríki telur að annað aðildarríki framfylgi ekki ákvæðum samnings þessa getur það í skriflegu erindi vakið athygli þess á málinu. Innan þriggja mánaða frá móttöku erindisins skal móttökuríkið gefa ríki því sem erindið sendi skýringu eða einhverja aðra skriflega yfirlýsingu til útskýringar á málinu og er rétt að þar sé eftir því sem gerlegt er og við á vísað til málsmeðferðar innanlands og úrræða sem grip- ið hefur verið til, standa yfir eða tiltæk eru;

(b) ef málið er ekki útljád svo fullnægjandi sé fyrir bæði hlutaðeigandi aðildarríki innan sex mánaða frá því að móttökuríkið tók á móti upphaflega erindinu skal hvoru ríki um sig rétt að vísa málinu til nefndarinnar með tilkynningu til hennar og hins ríkisins;

(c) nefndin skal aðeins fjalla um mál sem vísað er til hennar samkvæmt þessari grein eftir að hún hefur gengið úr skugga um að í málinu hafi verið reynt að neyta allra úrræða innanlands og þau tæmd, í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur þjóðaréttar. Þetta gildir þó ekki ef beiting úrræðanna dregst óhæfilega á langinn eða er ólíkleg til þess að veita þeim manni sem orðið hefur fyrir broti á samningi þessum fullnægjandi úrbætur;

(d) nefndin skal halda fundi fyrir luktum dyrum er athugun á erindum samkvæmt þessari grein fer fram;

(e) nefndin skal, sbr. þó ákvæði c-liðar, veita hlutaðeigandi aðildarríkjum liðsinni sitt með það fyrir augum að komast að vinsamlegri lausn í málinu byggðri á virðingu fyrir skuldbindingum

Article 21

1. A State Party to this Convention may at any time declare under this article that it recognizes the competence of the Committee to receive and consider communications to the effect that a State Party claims that another State Party is not fulfilling its obligations under this Convention. Such communications may be received and considered according to the procedures laid down in this article only if submitted by a State Party which has made a declaration recognizing in regard to itself the competence of the Committee. No communication shall be dealt with by the Committee under this article if it concerns a State Party which has not made such a declaration. Communications received under this article shall be dealt with in accordance with the following procedure:

(a) If a State Party considers that another State Party is not giving effect to the provisions of this Convention, it may, by written communication, bring the matter to the attention of that State Party. Within three months after the receipt of the communication the receiving State shall afford the State which sent the communication an explanation or any other statement in writing clarifying the matter, which should include, to the extent possible and pertinent, reference to domestic procedures and remedies taken, pending, or available in the matter;

(b) If the matter is not adjusted to the satisfaction of both States Parties concerned within six months after the receipt by the receiving State of the initial communication, either State shall have the right to refer the matter to the Committee, by notice given to the Committee and to the other State;

(c) The Committee shall deal with a matter referred to it under this article only after it has ascertained that all domestic remedies have been invoked and exhausted in the matter, in conformity with the generally recognized principles of international law. This shall not be the rule where the application of the remedies is unreasonably prolonged or is unlikely to bring effective relief to the person who is the victim of the violation of this Convention;

(d) The Committee shall hold closed meetings when examining communications under this article;

(e) Subject to the provisions of subparagraph (c), the Committee shall make available its good offices to the States Parties concerned with a view to a friendly solution of the matter on the

samnings þessa. Í því skyni getur nefndin skipað sérstaka sáttanefnd þegar það á við;

(f) í sérhverju máli sem vísað er til nefndarinnar samkvæmt þessari grein getur nefndin beint því til hlutaðeigandi aðildarríkja sem greinir í b-lið að láta í té allar upplýsingar sem máli skipta;

(g) hlutaðeigandi aðildarríki, sem greinir í b-lið, eiga rétt á málsvara þegar mál er til athugunar hjá nefndinni og að koma að munnlegum og/eða skriflegum athugasemdum;

(h) innan tólf mánaða frá móttökudegi tilkynningar samkvæmt b-lið skal nefndin leggja fram skýrslu:

(i) náist lausn samkvæmt ákvæðum e-liðar skal nefndin einskorða skýrslu sína við stutta greinargerð um staðreyndir og lausn þá sem náðst hefur;

(ii) náist ekki lausn samkvæmt ákvæðum e-liðar skal nefndin einskorða skýrslu sína við stutta greinargerð um staðreyndir málsins. Þau skriflegu gögn sem lögð voru fram af hlutaðeigandi aðildarríkjum, svo og bókun um það sem munnlega kom fram af þeirra hálfu, skulu fylgja skýrslunni.

Skýrslunni skal ávallt komið á framfæri við hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Ákvæði þessarar greinar öðlast gildi þegar fimm aðildarríki samnings þessa hafa gefið yfirlýsingu skv. 1. mgr. hennar. Yfirlýsingar þessar skulu aðildarríkin afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og skal hann senda öðrum aðildarríkjum endurrit þeirra. Yfirlýsingu má draga til baka hvenær sem er með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Slík afturköllun skal ekki hafa áhrif á athugun nokkurs máls sem greinir í erindi sem þegar hefur verið komið á framfæri samkvæmt þessari grein. Ekki skal veita viðtöku frekari erindum frá neinu aðildarríki samkvæmt þessari grein eftir að tilkynning um afturköllun yfirlýsingarinnar hefur borist aðalframkvæmdastjóranum, nema hlutaðeigandi aðildarríki hafi gefið nýja yfirlýsingu.

22. gr.

1. Aðildarríki að samningi þessum getur hvenær sem er lýst því yfir samkvæmt þessari grein að það viðurkenni að nefndin sé bær til að taka á móti og athuga erindi frá einstaklingum

basis of respect for the obligations provided for in this Convention. For this purpose, the Committee may, when appropriate, set up an ad hoc conciliation commission;

(f) In any matter referred to it under this article, the Committee may call upon the States Parties concerned, referred to in subparagraph (b), to supply any relevant information;

(g) The States Parties concerned, referred to in subparagraph (b), shall have the right to be represented when the matter is being considered by the Committee and to make submissions orally and/or in writing;

(h) The Committee shall, within 12 months after the date of receipt of notice under subparagraph (b), submit a report:

(i) If a solution within the terms of subparagraph (e) is reached, the Committee shall confine its report to a brief statement of the facts and of the solution reached;

(ii) If a solution within the terms of subparagraph (e) is not reached, the Committee shall confine its report to a brief statement of the facts; the written submissions and record of the oral submissions made by the States Parties concerned shall be attached to the report.

In every matter, the report shall be communicated to the States Parties concerned.

2. The provisions of this article shall come into force when five States Parties to this Convention have made declarations under paragraph 1 of this article. Such declarations shall be deposited by the States Parties with the Secretary-General of the United Nations, who shall transmit copies thereof to the other States Parties. A declaration may be withdrawn at any time by notification to the Secretary-General. Such a withdrawal shall not prejudice the consideration of any matter which is the subject of a communication already transmitted under this article; no further communication by any State Party shall be received under this article after the notification of withdrawal of the declaration has been received by the Secretary-General, unless the State Party concerned has made a new declaration.

Article 22

1. A State Party to this Convention may at any time declare under this article that it recognizes the competence of the Committee to receive and consider communications from or on

eða fyrir hönd einstaklinga sem falla undir lögsögu þess og halda því fram að aðildarríki hafi brotið ákvæði samningsins gagnvart þeim. Nefndin skal ekki taka á móti neinu erindi varðandi aðildarríki sem ekki hefur gefið slíka yfirlýsingu.

2. Nefndin skal vísa frá sérhverju því erindi samkvæmt grein þessari sem er nafnlaust eða sem hún telur fela í sér misnotkun á réttinum til að senda slík erindi eða vera ósamrýmanlegt ákvæðum samningsins.

3. Nefndin skal vekja athygli aðildarríkis að samningi þessum, sem gefið hefur yfirlýsingu skv. 1. mgr. og sakað er um að brjóta gegn ákvæðum hans, á sérhverju erindi sem lagt er fyrir hana samkvæmt þessari grein, sbr. þó 2. mgr. Innan sex mánaða skal móttökuríkið leggja fyrir nefndina skriflegar skýringar eða yfirlýsingar til útskýringar á málinu og um úrræði sem það kann að hafa gripið til.

4. Nefndin skal taka erindi sem henni berast samkvæmt þessari grein til athugunar í ljósi allra upplýsinga sem henni eru veittar af hlutaðeigandi einstaklingi eða fyrir hans hönd og af hlutaðeigandi aðildarríki.

5. Nefndin skal ekki taka neitt erindi frá einstaklingi samkvæmt grein þessari til athugunar nema hún hafi fullvissað sig um:

(a) að sama mál hafi ekki verið og sé ekki til athugunar samkvæmt öðrum alþjóðlegum rannsóknarreglum eða reglum um lausn deilumála;

(b) að einstaklingurinn hafi tæmt öll tiltæk úrræði innanlands. Þetta gildir þó ekki ef beiðing úrræðanna dregst óhæfilega á langinn eða er ólíkleg til þess að veita þeim manni sem orðið hefur fyrir broti á samningi þessum fullnægjandi úrbætur.

6. Nefndin skal halda fundi fyrir luktum dyrum er athugun á erindum samkvæmt þessari grein fer fram.

7. Nefndin skal koma sjónarmiðum sínum á framfæri við hlutaðeigandi aðildarríki og einstakling.

8. Ákvæði þessarar greinar öðlast gildi þegar fimm aðildarríki samnings þessa hafa gefið yfirlýsingu skv. 1. mgr. hennar. Yfirlýsingar þessar skulu aðildarríkin afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og skal hann senda öðrum aðildarríkjum endurrit þeirra. Yfirlýsingu má draga til baka hvenær sem er með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Slík afturköll-

behalft of individuals subject to its jurisdiction who claim to be victims of a violation by a State Party of the provisions of the Convention. No communication shall be received by the Committee if it concerns a State Party which has not made such a declaration.

2. The Committee shall consider inadmissible any communication under this article which is anonymous or which it considers to be an abuse of the right of submission of such communications or to be incompatible with the provisions of this Convention.

3. Subject to the provisions of paragraph 2, the Committee shall bring any communications submitted to it under this article to the attention of the State Party to this Convention which has made a declaration under paragraph 1 and is alleged to be violating any provisions of the Convention. Within six months, the receiving State shall submit to the Committee written explanations or statements clarifying the matter and the remedy, if any, that may have been taken by that State.

4. The Committee shall consider communications received under this article in the light of all information made available to it by or on behalf of the individual and by the State Party concerned.

5. The Committee shall not consider any communications from an individual under this article unless it has ascertained that:

(a) The same matter has not been, and is not being, examined under another procedure of international investigation or settlement;

(b) The individual has exhausted all available domestic remedies; this shall not be the rule where the application of the remedies is unreasonably prolonged or is unlikely to bring effective relief to the person who is the victim of the violation of this Convention.

6. The Committee shall hold closed meetings when examining communications under this article.

7. The Committee shall forward its views to the State Party concerned and to the individual.

8. The provisions of this article shall come into force when five States Parties to this Convention have made declarations under paragraph 1 of this article. Such declarations shall be deposited by the States Parties with the Secretary-General of the United Nations, who shall transmit copies thereof to the other States Parties. A declaration may be withdrawn at any

un skal ekki hafa áhrif á athugun nokkurs máls sem greinir í erindi er þegar hefur verið komið á framfæri samkvæmt þessari grein. Ekki skal veita viðtöku frekari erindum frá einstaklingi eða fyrir hönd einstaklings samkvæmt þessari grein eftir að tilkynning um afturköllun yfirlýsingarinnar hefur borist aðalframkvæmdastjóranum, nema hlutaðeigandi aðildarríki hafi gefið nýja yfirlýsingu.

23. gr.

Þeir sem sæti eiga í nefndinni og sérstökum sáttanefndum sem skipaðar kunna að vera skv. e-lið 1. mgr. 21. gr. skulu eiga rétt á aðstöðu, sérréttindum og friðhelgi sérfræðinga í erinda-gerðum fyrir Sameinuðu þjóðirnar samkvæmt þeim köflum samnings um réttindi og griðhelgi Sameinuðu þjóðanna sem við eiga.

24. gr.

Nefndin skal árlega leggja skýrslu um störf sín samkvæmt samningi þessum fyrir aðildarríkin og allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.

III. HLUTI

25. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir öll ríki.

2. Samningur þessi er háður fullgildingum. Fullgildingarskjölum skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

26. gr.

Öllum ríkjum skal heimilt að gerast aðilar að samningi þessum. Aðild öðlast gildi þegar aðildarskjali hefur verið komið í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

27. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er tuttugasta fullgildingar- eða aðildarskjalinu er komið í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

2. Gagnvart sérhverju ríki, sem fullgildir samning þennan eða gerist aðili að honum eftir að tuttugasta fullgildingar- eða aðildarskjalinu hefur verið komið í vörslu, öðlast hann gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er fullgildingar- eða aðildarskjali þess er komið í vörslu.

time by notification to the Secretary-General. Such a withdrawal shall not prejudice the consideration of any matter which is the subject of a communication already transmitted under this article; no further communication by or on behalf of an individual shall be received under this article after the notification of withdrawal of the declaration has been received by the Secretary-General, unless the State Party has made a new declaration.

Article 23

The members of the Committee and of the *ad hoc* conciliation commissions which may be appointed under article 21, paragraph 1 (e), shall be entitled to the facilities, privileges and immunities of experts on mission for the United Nations as laid down in the relevant sections of the Convention on the Privileges and Immunities of the United Nations.

Article 24

The Committee shall submit an annual report on its activities under this Convention to the States Parties and to the General Assembly of the United Nations.

PART III

Article 25

1. This Convention is open for signature by all States.

2. This Convention is subject to ratification. Instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article 26

This Convention is open to accession by all States. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary-General of the United Nations.

Article 27

1. This Convention shall enter into force on the thirtieth day after the date of the deposit with the Secretary-General of the United Nations of the twentieth instrument of ratification or accession.

2. For each State ratifying this Convention or acceding to it after the deposit of the twentieth instrument of ratification or accession, the Convention shall enter into force on the thirtieth day after the date of the deposit of its own instrument of ratification or accession.

28. gr.

1. Hvert ríki getur, við undirritun eða fullgildingu samnings þessa eða við aðild að honum, lýst því yfir að það viðurkenni ekki bæri nefndarinnar skv. 20. gr.

2. Hvert það ríki, sem gert hefur fyrirvara skv. 1. mgr. þessarar greinar, getur hvenær sem er fallið frá honum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

29. gr.

1. Sérhvert aðildarríki að samningi þessum getur borið fram tillögu um breytingu á honum og fengið hana skráða hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Skal aðalframkvæmdastjórinn þá senda aðildarríkjunum breytingartillöguna ásamt tilmælum um að þau tilkynni honum hvort þau séu hlynt því að haldin verði ráðstefna aðildarríkjanna til að athuga og greiða atkvæði um tillöguna. Ef, innan fjögurra mánaða frá því að sending breytingartillögunnar er dagsett, eigi minna en þriðjungur aðildarríkjanna er fylgjandi því að slík ráðstefna verði haldin skal aðalframkvæmdastjórinn boða til hennar á vegum Sameinuðu þjóðanna. Sérhverja breytingartillögu, sem samþykkt er af meiri hluta þeirra aðildarríkja sem sækja ráðstefnuna og atkvæði greiða, skal aðalframkvæmdastjórinn leggja fyrir öll aðildarríki til samþykktar.

2. Breyting sem er samþykkt skv. 1. mgr. þessarar greinar öðlast gildi þegar tveir þriðju hlutar aðildarríkja samnings þessa hafa tilkynnt aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að þau hafi staðfest hana í samræmi við stjórnskipunarhætti þeirra hvers um sig.

3. Þegar breytingar öðlast gildi eru þær bindandi fyrir þau aðildarríki sem hafa staðfest þær, en önnur aðildarríki eru áfram bundin af ákvæðum samnings þessa og sérhverri fyrri breytingu sem þau hafa staðfest.

30. gr.

1. Sérhver deila tveggja eða fleiri aðildarríkja um túlkun eða beitingu samnings þessa sem ekki tekst að leysa með samningum skal, að ósk einhvers þeirra, lögð í gerð. Ef aðilar geta ekki komið sér saman um tilhögun gerðarinnar innan sex mánaða frá því að hennar er óskað getur hver þeirra vísað deilunni til Alþjóðadómstólsins með umsókn samkvæmt samþykktum hans.

Article 28

1. Each State may, at the time of signature or ratification of this Convention or accession thereto, declare that it does not recognize the competence of the Committee provided for in article 20.

2. Any State Party having made a reservation in accordance with paragraph 1 of this article may, at any time, withdraw this reservation by notification to the Secretary-General of the United Nations.

Article 29

1. Any State Party to this Convention may propose an amendment and file it with the Secretary-General of the United Nations. The Secretary-General shall thereupon communicate the proposed amendment to the States Parties with a request that they notify him whether they favour a conference of States Parties for the purpose of considering and voting upon the proposal. In the event that within four months from the date of such communication at least one third of the States Parties favours such a conference, the Secretary-General shall convene the conference under the auspices of the United Nations. Any amendment adopted by a majority of the States Parties present and voting at the conference shall be submitted by the Secretary-General to all the States Parties for acceptance.

2. An amendment adopted in accordance with paragraph 1 of this article shall enter into force when two thirds of the States Parties to this Convention have notified the Secretary-General of the United Nations that they have accepted it in accordance with their respective constitutional processes.

3. When amendments enter into force, they shall be binding on those States Parties which have accepted them, other States Parties still being bound by the provisions of this Convention and any earlier amendments which they have accepted.

Article 30

1. Any dispute between two or more States Parties concerning the interpretation or application of this Convention which cannot be settled through negotiation shall, at the request of one of them, be submitted to arbitration. If within six months from the date of the request for arbitration the Parties are unable to agree on the organization of the arbitration, any one of those

2. Hvert ríki getur, við undirritun eða fullgildingu sammings þessa eða við aðild að honum, lýst því yfir að það telji sig ekki bundið af 1. mgr. þessarar greinar. Önnur aðildarríki skulu ekki bundin af 1. mgr. þessarar greinar gagnvart aðildarríki sem gert hefur slíkan fyrirvara.

3. Hvert það ríki, sem gert hefur fyrirvara skv. 2. mgr. þessarar greinar, getur hvenær sem er fallið frá honum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

31. gr.

1. Aðildarríki getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Uppsögn öðlast gildi einu ári eftir að aðalframkvæmdastjórinn tekur við tilkynningunni.

2. Uppsögn leysir ekki aðildarríkið undan skyldum sínum samkvæmt samningi þessum varðandi nokkurn verknað eða athafnaleysi sem á sér stað fyrir gildistöku dags uppsagnarinnar og skal heldur ekki hafa nein áhrif á framhald athugunar máls sem var þegar til athugunar hjá nefndinni fyrir gildistöku dags uppsagnarinnar.

3. Eftir þann dag er uppsögn aðildarríkis öðlast gildi skal nefndin ekki hefja athugun á neinu nýju máli sem varðar það ríki.

32. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og öllum ríkjum sem undirritað hafa samning þennan eða gerst aðilar að honum um:

(a) undirritanir, fullgildingar og aðild skv. 25. og 26. gr.;

(b) gildistöku dags sammings þessa skv. 27. gr. og gildistöku dags allra breytinga skv. 29. gr.;

(c) uppsagnir skv. 31. gr.

33. gr.

1. Samningur þessi, þar sem arabískur, enskur, franskur, kínverskur, rússneskur og spænskur texti hans eru jafngildir, skal afhentur aðal-

Parties may refer the dispute to the International Court of Justice by request in conformity with the Statute of the Court.

2. Each State may, at the time of signature or ratification of this Convention or accession thereto, declare that it does not consider itself bound by paragraph 1 of this article. The other States Parties shall not be bound by paragraph 1 of this article with respect to any State Party having made such a reservation.

3. Any State Party having made a reservation in accordance with paragraph 2 of this article may at any time withdraw this reservation by notification to the Secretary-General of the United Nations.

Article 31

1. A State Party may denounce this Convention by written notification to the Secretary-General of the United Nations. Denunciation becomes effective one year after the date of receipt of the notification by the Secretary-General.

2. Such a denunciation shall not have the effect of releasing the State Party from its obligations under this Convention in regard to any act or omission which occurs prior to the date at which the denunciation becomes effective, nor shall denunciation prejudice in any way the continued consideration of any matter which is already under consideration by the Committee prior to the date at which the denunciation becomes effective.

3. Following the date at which the denunciation of a State Party becomes effective, the Committee shall not commence consideration of any new matter regarding that State.

Article 32

The Secretary-General of the United Nations shall inform all States Members of the United Nations and all States which have signed this Convention or acceded to it of the following:

(a) Signatures, ratifications and accessions under articles 25 and 26;

(b) The date of entry into force of this Convention under article 27 and the date of the entry into force of any amendments under article 29;

(c) Denunciations under article 31.

Article 33

1. This Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited

framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda öllum ríkjum staðfest endurrit sammings þessa.

with the Secretary-General of the United Nations.

2. The Secretary-General of the United Nations shall transmit certified copies of this Convention to all States.

Fylgiskjal 2.

BREYTINGAR

- (i) 7. mgr. 17. gr. og 5. mgr. 18. gr. falla brott;
- (ii) við bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. 18. gr. og hljóðar svo:
„4. Meðlimir nefndar þeirrar, sem stofnuð er samkvæmt samningi þessum, skulu fá greidd laun úr sjóðum Sameinuðu þjóðanna samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem allsherjarþingið ákveður.“; og
- (iii) núverandi 4. mgr. 18. gr. verður tölusett sem 5. mgr.

AMENDMENTS

- (i) Delete paragraph 7 of article 17 and paragraph 5 of article 18;
- (ii) Add a new paragraph, as paragraph 4 of article 18 to read:
“4. The members of the Committee established under the present Convention shall receive emoluments from United Nations resources on such terms and conditions as the General Assembly shall decide.”; and
- (iii) Renumber the existing paragraph 4 of article 18 as paragraph 5.